

Peningaþvætti fyrir alþjóðlega glæpahringi ógnar bankakerfi Andorra

Eftir Björn Bjarnason

Athygli beinist að bankakerfinu í Andorra um þessar mundir og yfirvofandi hruni þess.

Þriðjudaginn 10. mars sakaði efnahagsbrotadeild bandaríska dómsmálaráðuneytisins (FinCEN) Banca Privada Andorra (BPA), fjórða stærsta banka landsins, um peningaþvætti. Í ásökuninni sagði að „spilltir, háttsettir bankastjórnendur og veikburða kerfi gegn peningaþvætti hafa gert BPA að auðveldum vettvangi fyrir peningaþvætti þriðju aðila“.

Þrír yfirmenn innan bankans höfðu tekið við mútum fyrir að aðstoða glæpamenn frá Rússlandi, Venzúela og Kína við að láta fé sitt renna í gegnum bankakerfið í Andorra að sögn FinCEN.

Bankamenn í Andorra hafa síðan verið fangelsaðir og sett hafa verið höft á úttektir sparifjáreigenda. Stjórnvöld landsins leggja hart að sér við að sannfæra eftirlitsmenn í þúsund kílómetra fjarlægð um að skattvikarar geti ekki leitað skjóls í þessu litla landi í dölum Pyreneafjalla á mörkum Spánar (Katalóníu) og Frakklands sem um aldir hefur notið verndar franskra og spánskra valdamanna.

Andorra er aðeins 468 ferkílómetrar að stærð og er talið að þar haf búið 85.000 manns árið 2012. Höfuðborgin er Andorra la Vella og stendur hún hæst höfuðborga í Evrópu, 1.023 m yfir sjávarborði. Móðurmál íbúanna er katalónska. Að baki ríkinu er sáttmáli frá árinu 988 e. kr. en núverandi stjórnskipan má rekja til ársins 1278, þjóðhöfðingjaembættið er skipað tveimur mönnum: Spænska rómversk kaþólska biskupnum í Urgell og Frakklandsforseta.

Andorra hefur heimild ESB og Seðlabanka evrunnar til að nota evru án þess að vera í ESB. Þessi staðreynd gengur þvert á fullyrðingar ESB-manna gagnvart íslenskum yfirvöldum um að enginn geti notað evru sem lögeyri nema ríki innan ESB. Vandí Andorramanna nú er að þar er enginn seðlabanki og þeir geta ekki prentað evrur vildu þeir fella gengið til að takast á við vandann sem að steðjar.

Stærð bankakerfisins í Andorra er 17 til 20 sinnum meiri en verg landsframleiðsla (VLF), þegar bankahrúnið var hér á landi þótti miklum tíðindum sæta að bankakerfið væri 10 sinnum stærra en VLF.

Banco de Madrid, eign BPA, hefur verið lýstur gjaldþrota.

Innstæðutrygging sparifjáreigenda í Andorra er 100.000 evrur en þar sem enginn seðlabanki er að baki bankakerfinu og ríkið hefur ekki eigin mynt telja sérfræðingar óljóst hvernig unnt verður að standa við þessa tryggingu verði allsherjar bankahrún í landinu. Þá er víst að það mun smita frá sér til annarra landa.

Grípi um sig ótti meðal sparifjáreigenda geta bankarnir ekki orðið við kröfum þeirra þótt þeir ráði yfir

miklu eigin fé.